

FUNDARGERÐ

Árið 2018, miðvikudaginn 10. október kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir, formaður, nefndarmennirnir Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Ólafur Þór Ólafsson (í fjarveru Ásgerðar Gylfadóttur), Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aroni Gústavssyni og Hrafnkeli Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 21. september 2018

Lögð var fram fundargerð frá 21. september 2018 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 21. september 2018 var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2017

Lagður var fram til kynningar endurskoðaður og undirritaður ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2017. Starfsmaður Jöfnunarsjóðs gerði grein fyrir einstökum tekjuliðum, framlögum og rekstrarkostnaði sem fram koma í rekstrarreikningi ásamt eignum og skuldum í efnahagsreikningi.

Fram kemur í ársreikningi 2017 að rekstrarhali Jöfnunarsjóðs var 753,4 m.kr. á árinu. Er hallinn tilkominn vegna framlags vegna bankaskatts sem greitt var út á árinu en þar sem ágreiningur var uppi varðandi hvernig standa ætti að útgreiðslunni hafði hún beðið. Í millitíðinni voru þessir fjármunir færðir til bókar sem eigið fé svo það bókfærast nú sem rekstrarhali þegar þeir koma til útgreiðslu.

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok námu eignir alls 4.069,7 m.kr., skuldir 3.479,1 m.kr. og eigið fé 590,6 m.kr.

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs vakti athygli á því að Ráðgjafarnefnd hafði á fundi sínum þann 14. desember 2017 lagt til framlag vegna fjárhagserfiðleika til Reykjanesbæjar að fjárhæð 125 m.kr. en endanlegt framlag til sveitarfélagsins hafi á árinu numið 145 m.kr., sbr. skýringar vegna sérstakra framlaga í ársreikningi. Í ljósi þeirra miklu fjárhagserfiðleika sem sveitarfélagið hafi verið í síðastliðin ár hafi ráðherra ákveðið að hækka framlagið í 145 m.kr. Ákvörðun ráðherra var tekin eftir samtöl við starfsmenn ráðuneytisins og Jöfnunarsjóðs og þá hafði formanni ráðgjafarnefndar verið gerð grein fyrir ákvörðunina. Ráðgjafarnefndin var upplýst um breytinguna síðar.

Yfirlýsing um grunnskólans

3. Umsókn vegna öryggishandbókar

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn um viðbótarframlag frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. október 2018, vegna verkefnisins „Öryggishandbók og öryggisráðstafanir

grunnskólanna við notkun á rafrænum upplýsingakerfum“, ásamt minnisblaði þar að lútandi, dags. 7. október 2018.

Jöfnunarsjóður hefur áður styrkt verkefnið um 5 m.kr. Í umsókninni eru rakin frávik frá kostnaðaráætlun og sótt um viðbótarframlag að fjárhæð 3,5 – 4,0 m.kr.

Ráðgjafarnefnd þótti ekki tækt á öðru en ljúka verkefninu og samþykkti að leggja til viðbótarframlag vegna verkefnisins að fjárhæð allt að því 4 m.kr.

4. Sérþarfir fatlaðra grunnskólanemenda

Lagt var fram til upplýsingar minnisblað, dags. 9. október 2018, varðandi framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda árið 2019 og SIS mat barna.

Í minnisblaðinu er rakið hvernig staðið er að ákvörðun framlagsins í dag og að lengi hafi staðið til að SIS mat kæmi í stað vinnu- og viðmiðunarreglna Jöfnunarsjóðs við ákvörðun framlagsins. Þá er rakið að ráðgjafarnefndin lagði til á fundi sínum þann 22. júní 2015 að gerður yrði verksamningur við Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins svo meta mætti 850 grunnskólabörn til SIS mats. Mikill hluti þessara mata liggur nú fyrir, en þar sem nokkur vinna er enn eftir er ljóst að ekki verður hægt að byggja áætlun ársins 2019 á SIS mati eingöngu. Það er því tillaga starfsmanna Jöfnunarsjóðs að farin verði blönduð leið vegna ársins 2019 og notast við SIS mat þar sem það liggur fyrir en vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins annars.

Ráðgjafarnefnd féllst á að útlit væri fyrir að nauðsynlegt væri að notast við blandaða leið vegna ársins 2019. Þá var ákveðið að samhliða breytingum á aðferðarfræði við ákvörðun framlaganna þyrfti að skoða og taka upp samning Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis vegna reksturs sérskóla og sérdeilda sem staðsett eru í Reykjavíkurborg og starfa á grunnskólastigi. Þá var ákveðið að skoða hvernig staðið er að málum varðandi aðra sérskóla og framlög vegna sérþarfa, þ.m.t. Hlíðarskóla á Akureyri.

Yfirlit á málefnum fatlaðs fólks

5. Umsókn vegna gæðaeftirlits

Lagt var fram bréf frá Kópavogsbæ, dags. 19. september 2018, þar sem sótt er um áframhaldandi framlag frá Jöfnunarsjóði vegna launakostnaður vegna eftirlits á árinu 2019. Sótt er um fyrir hönd allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Áætlaður kostnaður er 12 m.kr.

Að loknum umræðum lagði ráðgjafarnefnd til að umsóknin yrði samþykkt með framlagi sem næmi allt að 12 m. kr. á árinu 2019. Einnig var ákveðið að skoða hvernig staðið er að gæðaeftirlitsmálum annars staðar á landinu og hvort þessi vinna gæti nýst víðar, enda mikilvægt að á landinu sé gott og samræmt gæðaeftirlit. Í þeim tilgangi skyldi athugað með að fá fulltrúa sveitarfélaganna á næsta fund félagsmálastjóra til að skýra frá þessari vinnu.

6. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Lögð var fram til umfjöllunar og ákvörðunar tillaga að kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs vegna NPA samninga á árinu 2018, dags. 8. október 2018.

Alls bárust 80 umsóknir um samninga, þar af 51 vegna endurnýjunar eldri samninga og 29 vegna nýrra samninga. Umsóttur fjöldi samninga er innan þess fjölda samninga sem tiltekinn er í bráðabirgðaákvæði laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og fjárhæðir vegna þeirra innan fjárheimilda. Jafnframt er það tillaga velferðarráðuneytis að allar umsóknirnar verði samþykktar.

Ráðgjafarnefnd leggur til að allar þær umsóknir sem bárust vegna NPA samninga vegna ársins 2018 verði samþykktar og að til úthlutunar á árinu komi 262,4 m.kr.

7. Málafarli á hendur ríkissjóði og Jöfnunarsjóði

Lagt var fram minnisblað, dags. 8. október 2018, varðandi málshöfðun fimm sveitarfélaga á hendur Jöfnunarsjóði og íslenska ríkinu vegna skerðingar á framlögum sjóðsins til þeirra á árunum 2013 – 2016, og áhrif málshöfðunarinnar á útgjaldajöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs árið 2018.

Jöfnunarsjóður og ríkið voru sýknuð af kröfum stefnenda með dómi Héraðsdóms 9. apríl 2018. Málinu var áfrýjað til Landsréttar og er aðalmeðferð þess á dagskrá 2. nóvember nk.

Í minnisblaðinu kemur fram að kröfur sveitarfélaganna nema samtals 683 m.kr. með vöxtum vegna þeirra ára sem um ræðir. Einnig kemur fram að eigin fé sjóðsins var í árslok 2017 590,5 m.kr. og því væri eðlilegt að leggja til við ráðherra að útgjaldaframlög ársins 2018 yrðu hækkuð. Í ljósi málarekstursins á hendur sjóðnum og ríkinu þarf að taka afstöðu til þess hvort bíða eigi með að hækka framlögin þar til niðurstaða úr dómsmálinu fæst, væntanlega í desember.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að fresta því að leggja til eða taka fyrir hækkun útgjaldajöfnunarframlaga ársins 2018 vegna yfirstandandi málaferla. Taka þarf útgjaldajöfnunarframlög ársins 2018 aftur fyrir þegar dómur hefur fallið.

8. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Farið var yfir fyrirkomulag og dagskrá ársfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem fram fer síðar um daginn.

9. Önnur mál

Næstu fundir

Næsti fundur ráðgjafarnefndar er þegar ákveðinn og verður þriðjudaginn 23. október kl. 12:15.

Þarnæsti fundur ráðgjafarnefndar var ákveðinn föstudaginn 30. nóvember kl. 12:15.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið 11:35.

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Birgir Björn Sigurjónsson

Bjarni Jónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson